
2008 nr. 152 23. desember

**Lög um niðurfellingu laga um kúsilgúr-
verksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, með
síðari breytingum, og um ráðstöfun eigna
Kúsilgúrsjóðs**

Tóku gildi 31. desember 2008. Breytt með L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).
Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **iðnaðar- og viðskiptaráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Kúsilgúrsjóði skal slitið og starfsemi hans lögð niður við gildistöku laga þessara.

■ **2. gr.** [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að ráðstafa eignum sjóðsins með samningi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. Samningurinn skal hafa það að markmiði að efla atvinnulíf og nýsköpun í Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi og Norðurþingi.

¹⁾ L. 126/2011, 501. gr.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ . . .